

Eitt af árangursviðmiðunum í heilsuvernd skólabarna og forsenda gjaldfrjálsra tannlækninga er: **„Að börn hafi skráðan heimilistannlækni hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ)“.**

Upplýsingar um skráðan heimilistannlækni barns koma sjálfkrafa inn í Ískrá frá SÍ.

Ef barn hefur ekki skráðan heimilistannlækni þarf að hvetja foreldra til að panta tíma hjá tannlækni sem sér þá um skráningu til SÍ.

Foreldri getur einnig skráð tannlækni inni á mínum síðum á [sjukra.is](http://sjukra.is)

## Listi í Ískrá yfir nemendur sem eru án heimilistannlæknis

- Smella á „Talning/listar“ í valmyndinni „Sækja bekk/nemanda“

- Undir ‚vinnulistar‘ er smelt á ‚Án heimilistannlæknis‘

- Opnast þá uppfærður listi yfir þá nemendur sem eru ekki skráðir með heimilistannlækni hjá SÍ í viðkomandi skóla.

- Dálkurinn ‚Samskipti‘ gefur til kynna hvort skráð hafa verið samskipti með Hjúkrunarviðfangsefninu (HV) ‚Án heimilistannlæknis‘ þar sem foreldrar voru upplýstir og hvattir til að panta tíma hjá tannlækni.

- Ef til eru samskipti með HV ‚Án heimilistannlæknis‘ kemur dagsetning á þeim samskiptum í línuna. Hægt er að tvísmella á dagsetninguna til að opna viðkomandi samskipti. **Gott er að skrá alltaf framvindu í sömu samskiptin.**

- Ef engin samskipti eru skráð stendur ‚óskráð samskipti‘ í glugganum. Til að skrá samskipti er hægt að tvísmella á ‚óskráð samskipti‘ og opnast þá forskráð samskipti.

- Ef foreldrar barns af erlendum uppruna ákveða að barn þeirra verði í tanneftirliti í sínu heimalandi er hægt að haka í línu barns á listandum undir ‚Erlendis‘ en tannskoða þarf þau börn samt sem áður árlega.

- Ef barn sem skráð var með tannlækni hefur ekki mætt til hans í 2 ár þrátt fyrir ítrekaða boðun þá mun SÍ afskrá barn og verður það þá aftur án heimilistannlæknis og þá tannskoðað árlega skv. [Verklagi](#).

Nafn	Kenntala	Samskipti	Erlendis	Bekkur	Afskráð SÍ
Alla Palla	050515bin0	Óskráð samskipti	<input type="checkbox"/>	2 - BB	<input type="checkbox"/>
Anna Órnudóttir	0101019990	11.10.2018 - samskipti	<input type="checkbox"/>	9 - Bekkur	<input checked="" type="checkbox"/>
Ánnesi Aldis Ánnesdóttir	010108ann0	Óskráð samskipti	<input type="checkbox"/>	8 - bekkur	<input type="checkbox"/>
Ánnesi Aldis Ánnesdóttir	0101011230	Óskráð samskipti	<input type="checkbox"/>	10 - Bekkur	<input type="checkbox"/>
Ánnstína Jónudóttir	1205981239	25.03.2021 - samskipti	<input checked="" type="checkbox"/>	1 - SD	<input type="checkbox"/>
Antoníngi Jónsson	1504051230	30.09.2019 - samskipti	<input type="checkbox"/>	2 - BB	<input type="checkbox"/>
Arnjón Karlsson	1208981239	Óskráð samskipti	<input type="checkbox"/>	9 - Bekkur	<input type="checkbox"/>

## Skráning samskipta

- Ávallt skal skrá samskipti þegar foreldrar eru hvattir til að panta tíma hjá tannlækni eða skrá tannlækni á sjukra.is á eftirfarandi hátt:

**Tilefnisflokkur:** Skimanir og mælingar

**Hjúkrunarviðfangsefni:** **Án heimilistannlæknis**

**Hjúkrunarmeðferð:** Samskipti við forráðamann + Tilvísun til tannlæknis + Eftirfylgd

Ef svar berst frá foreldri er mikilvægt að skrá framvindu í sömu samskiptin (ekki búa til ný) eins þegar ítrekað er við foreldra að panta tíma hjá tannlækni – skrá alltaf framvindu í sömu samskiptin.

## Tannskoðun

Tannskoða þarf árlega þau börn sem ekki eru með skráðan heimilistannlækni. Tannskoðun er skráð undir 'Líkamsmat' í bekkjarskrá

Frekari leiðbeiningar um skráningu eru hér  
[Ískrá – Notendahandbók Skrá tannskoðun](#)